



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Laugarvatni, **11. júní 2020**
Tilvísun: 1803004 VPH

Efni: Beiðni um undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi. Hellnaholt, Fossanes – Deiliskipulag

Í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags Hellnaholts úr landi Fossnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er óskað eftir undanþágu vegna fjarlægðar frá vegi sbr. Lið d innan gr.5.3.2.5 skipulagsreglugerðar.

Gnúpverjavegur nr.325 er tengivegur samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar og skal því ekki staðsetja íbúðar eða frístundahús nær veginum en sem nemur 100 metrum.

Staðsetning byggingarreita og vega takmarkast að miklu leiti af náttúrulegum aðstæðum á staðnum þar sem töluverður halli einkennir landið eins og sjá má innan meðfylgjandi gagna.

Staðsetning byggingarreita er því valin eftir náttúrulegum aðstæðum innan skipulagssvæðis auk þess sem talið er að staðsetning þeirra sé hentug út frá tengingum við Gnúpverjaveg.

Breytt lega vegar innan svæðisins er talin mjög ólíkleg vegna áður nefndra náttúrulegra aðstæðna. Vegagerðin gerði engar athugasemdir við deiliskipulag svæðisins en bendir á

ákveðnar hönnunarforsendur. Ætla má að umsögn Vegagerðarinnar hefði tekið mið að

hugsanlegri færslu vegarins til framtíðar innan umsagnar, og hefðu þá gert athugasemdir við staðsetningu byggingarreita innan skipulagsins þar sem farið er inn fyrir 100 metra

fjarlægðarmörk. Miðað við ofangreindar forsendur er því óskað eftir undanþágu frá d.lið gr.5.3.2.5 skipulagsreglugerðar er varðar fjarlægð bygginga frá vegum.

Virðingarfyllst,

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi